

Tíu ástæður fyrir því að stofna ekki aðgang á OnlyFans

Að opna OnlyFans síðu hljómar sem sniðug leið til að eignast pening á einfaldan hátt og er sögð henta vel fyrir fólk sem er opið og jákvætt í garð kynlífs. Eina sem þarf að gera er að kveikja á myndavélinni og pósta ljósmynd eða myndbandi, safna sér nokkrum áskrifendum og peningarnir fara að streyma inn.

Í rauninni er þetta þó töluvert meira mál því ákvörðunin um að opna slíka síðu getur haft langvarandi áhrif á tilfinningar, andlega líðan og jafnvel á framtíð síðueigandans. Hér gefur fyrrum kynlífsverkakonan Harmony (Dust) Grillo tíu ástæður fyrir því að hún telur það slæma hugmynd að stofna OnlyFans síðu. Hún skrifar hér sérstaklega til þeirra sem skilgreina sig sem stelpur/konur en greinin á þó erindi til allra. Grillo starfar í dag fyrir samtök sem aðstoða fólk við að komast úr kynlífsverkaiðnaðinum.

1. Skjáskot, kynferðisleg friðhelgi og dreifing á myndefni

Það er ekki nokkur leið til að hindra það að einhver taki skjáskot og dreifi efninu þínu til fleiri aðila. Í sumum tilvikum hagnast sá sem stelar myndefninu á því (selur það áfram) án þinnar vitundar eða samþykkis. Það er nú þegar til hópur af OnlyFans áskrifendum sem stunda það að kaupa og selja myndir sem þeir hafa stolið af öðrum. Þegar mynd er stolið og hún fer í dreifingu eykst hætta á að þú upplifir kvíða, álag og ótta við hvar myndin á eftir að birtast, hvenær, við hvaða tilefni og hverjir sjá hana. Valdið hefur verið tekið úr þínum höndum og þó gerandi beri alla ábyrgð getur verið erfitt fyrir þig að finna út hver gerandinn er.

2. Það eru allar líkur á því að þú verðir beðin um meira en þú ætlaðir þér í upphafi og það eru töluverðar líkur á því að þú munir gera það

Þetta er þekkt staðreynd hjá þeim sem starfa við einhverskonar kynlífsiðnað. Það er auðvelt að missa tökin þegar gríðarlega sterkar kröfur koma fram um að þú sýnir meira, gerir meira eða farir yfir þau mörk sem þú settir þér í upphafi. Það eru litlar líkur á því að þú vaknir ekki upp einn daginn vitandi að peningaupphæðirnar eða botnlaus þrýstingurinn hafi ýtt þér til að gera meira en þú ætlaðir þér.

3. Peningarnir koma ekki eins auðveldlega og þú héltst

Það eru vissulega til einstaklingar sem hagnast hratt og mikið á OnlyFans en það er ekki staðreyndin fyrir meirahluta þeirra sem á síðunni eru. Það er gjarnan þannig að fólk getur þénað svolítinn pening í upphafi, nýtt fólk þykir spennandi og margir til í að verða áskrifendur. Til að halda peningastreyminu gangandi þarftu þó fljótlega að halda áskrifendum við efnið og þrýstingurinn á að gera meira og sýna meira eykst. Ef þú ert ekki til í það muntu hratt missa áskrifendur af síðunni. Svona virkar kynlífsbransinn, peningar eru óáreiðanlegir og fljótandi, þeir streyma til þín einn daginn en hverfa þann næsta. Að lokum eru flestir sem starfa við þetta farnir að eltast við peningana og þá gildir reglan að „Go Big or go Home!“ Þetta er stór markaður og margir að berjast um sömu seðlana og því gefast þau fljótt upp sem ekki eru tilbúin til að verða við kröfum um grófari myndir og myndskeið.

4. Andlegur og tilfinningalegur fórnarkostnaður þess að vera kynferðislegt viðfang

Hér vísa ég beint í mína eigin reynslu (Harmony Grillo). Þegar fólk borgar þér pening fyrir að vera kynferðislegt leikfang/viðfang þeirra upplifir það að það eigi tilkall til þín og sumt fólk telur sig jafnvel eiga hlut í þér. Það hefur keypt sér aðgengi að líkama þínum og þú ert ekki lengur manneskja, þú ert söluvara.

Ég hef aldrei heyrt jafn andstyggileg, grimmt, ljót og niðurlægjandi orð en frá þeim sem kaupa aðgang að öðru fólki í kynferðislegum tilgangi. Í rauninni er það ólýsanlega niðurlægjandi tilfinning að finna að fólk upplifir þig ekki sem manneskju heldur sem hlut. Þegar við stöldrum við þá sjáum við að oft hafa mestu grimmdarverk sögunnar verið framin á fólki sem var „dehumanized“, voru óæðri á einhvern hátt, líf þeirra skiptu ekki máli. Og treystið mér, það að vera til sýnis á þennan hátt og vera álitin söluvara en ekki manneskja getur haft bæði alvarleg skammtíma og langvarandi áhrif á þig.

5. Kynferðisleg áreitni er hluti af starfinu

Það er ekki nóg að pósta myndum og myndböndum á síðuna og bíða eftir að peningarnir fljúgi inn. Þú verður fljótlega krafinn um meiri samskipti við áskrifendur þína. Það eru litlar líkur á því að áskrifendur séu allir að fara að senda þér eingöngu skilaboð um það hversu falleg þú ert og spyrja hvernig dagurinn þinn hafi verið (sjá punkta #2 og #4). Þú munt verða fyrir kynferðislegri áreitni, líklega mun meiri en þú hefðir getað ímyndað þér. Þú átt eftir að vera beðin um að framkvæma ýmislegt fyrir framan myndavélina sem er langt fyrir utan það sem þú getur hugsað þér að gera og þú átt eftir að fá allskonar skilaboð og heyra ýmislegt sem getur jafnvel valdið þér vanlíðan og miklum óþægindum. Þeir sem eru dyggustu áskrifendur á OnlyFans eru oft fólk sem er fast í mikilli klámneyslu og getur verið fólk sem þú myndir jafnvel aldrei umgangast á annan hátt en á netinu. Fyrir þeim ert þú söluvara og þau hika ekki við að kalla þig ljótum nöfnum, niðurlægja þig og gagnrýna með grimmmum hætti. Á OnlyFans eru mjög miklar líkur á því að þú munir upplifa grimma áreitni og andlegt ofbeldi.

6. Eltihrellar

Það er algengt að fólk stundi það sem kallast Doxing, en þá leita þau að og safna saman bæði opinberum og persónulegum upplýsingum um þig í þeim tilgangi að deila þeim með öðrum, oftast í slæmum tilgangi. Það er ekki óalgengi á OnlyFans að eigendur efnis lendi í því að nöfnum þeirra, myndefni og staðsetningu (landi, borg, hverfi, götuheiti) sé deilt áfram með þeim afleiðingum að þau verða auðveld bráð fyrir eltihrella og jafnvel fólk sem vill þeim illt.

7. Ferillinn getur fylgt þér lengur en þú kærir þig um

Það sem þú setur á netið fer ekki neitt og því skaltu vera ávallt með það á bak við eyrað að myndirnar og myndböndin geta fylgt þér lengur en þú hafðir áætlað í

upphafi. Efnið getur fylgt þér og birst þegar vinir, fjölskylda, verðandi vinnuveitendur eða aðrir fletta upp nafninu þínu og því getur þú lent í því að myndefnið birtist á stöðum og hjá fólki sem þú ætlaðir ekki að deila efninu með. Mögulega er þér sama um það en það er allavega gott að vera meðvituð um hættuna fyrirfram (sjá #1).

8. Að taka þátt í kynlífsiðnaði breytir fólki

Það eru miklar líkur á því að starfið (OnlyFans síðan) muni hafa áhrif á sjálfsmyndina þína og hvernig þú upplifir sjálfa þig sem manneskja og sem kynvera. Mörkin á milli þess hver þú ert sem manneskja og hver þú ert sem fantasía annarra geta orðið afar óljós. Þú gefur stöðugt litla hluta af sjálfri þér þar til þú átt ekkert eftir til að gefa. Smám saman getur vinnan haft mikil og langvarandi áhrif á samband þitt við aðra og eins á upplifun þína á nánd og kynlífi. Þú gætir farið að trúa því að gildi þitt felist fyrst og fremst í því sem þú hefur uppá að bjóða líkamlega og þú mögulega hættir að gera kröfur um sjálfsagða virðingu í þinn garð.

9. Þú getur ekki tekið þetta til baka

Þegar þú hefur deilt mynd eða myndbandi þá er það komið á netið og þú getur ekki tekið það til baka, þrátt fyrir að þú lokir aðganginum nánast um leið og þú hefur póstað í fyrsta sinn. Gerðu ráð fyrir því að um leið og þú póstar mynd geti einhver um leið sótt hana/stolið henni og dreift áfram (sjá #1)

10. Þrátt fyrir að launin séu góð þá er persónulegur kostnaður enn hærrí

Við erum að tala um bransa sem notar fólk, misnotar fólk og afskrifar það svo eins og rusl. Það sem situr eftir er bitur reynsla og áfall til að vinna úr. Ég hef séð konur á sextugs og sjötugsaldri vera enn að vinna úr þeirri reynslu að hafa starfað á einhverjum tímamarki í kynlífsverkavinnu. Því miður hef ég líka séð margar konur sem hafa aldrei getað unnið úr þessari reynslu.

Það sem öllu máli skiptir. Þú ert meira virði en þetta!

Greinin er lauslega þýdd, en hún birtist upphaflega á síðunni

www.fightthenewdrug.com í júní 2021.